

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 14. desember 2017 í máli nr. E-201/2017:

Þb. SITRUS ehf.

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Teiti Guðmundssyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 29. nóvember sl., var höfðað með stefnu þingfestri 14. febrúar sl. Stefnandi er þrotabú Sitrusar ehf., kt. 000000-0000, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík. Stefndi er Teitur Guðmundsson, kt. 000000-0000, Fróðáþingi 31, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 4.050.466 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 af stefnufjárhæðinni frá 1. mars 2015 til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda auk þess sem hann krefst málskostnaðar. Var málið dómtekið að lokinni aðalmeðferð þann 29. nóvember 2017.

Málavextir.

Félag Sitrusar ehf. var tekið til gjaldþrotameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 21. október 2015. Var Björn Ólafur Hallgrímsson hæstaréttarlögmaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins. Var frestdagur 19. júní 2015. Auglýsing um fyrstu innköllun krafna birt í Lögbirtingarblaði þann 2. nóvember 2015. Var fyrsti skiptafundur haldinn hjá stefnanda 18. janúar 2016. Samkvæmt hlutafélagavottorði fyrir Sitrus ehf., dagsettu 19. júní 2015 var stefndi skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Sitrusar ehf. allt frá fundi í félaginu þann 4. desember 2012. Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla stefnda hjá skiptastjóra þann 16. desember 2015 þar sem stefndi lýsti því yfir að engar eignir væri að finna í búinu. Þegar stefndi var inntur eftir svörum við því hvar þær eignir væru niður komnar, sem þrotabúið hafði keypt á fyrri helmingi ársins 2013 og sem fram kæmu á reikningum sem fylgdu með kröfulýsingu Emerio ehf., dags. 6. nóvember 2015 og sem hafi verið móttækin af skiptastjóra þann 11. nóvember 2015, svaraði stefndi því til að verktaki hjá Sitrusi ehf. hefði tekið eignirnar út í nafni

félagsins í leyfisleysi. Kvað stefndi verktakann heita Stefán Unnar Sigurjónsson.

Í gögnum málsins liggur fyrir krafa skiptastjóra á stefnda dagsett 23. mars 2016 þar sem skorað er á stefnda að afhenda þrotabúinu þær eignir sem tilheyrðu þrotabúinu fyrir þann 12. apríl 2015. Vísaði skiptastjóri til reikninga sem voru í bókhaldi stefnda.

Með beiðni þann 7. júlí 2016, krafðist skiptastjóri þess að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði um kröfu stefnanda um að stefnda yrði gert skylt að afhenda stefnanda ákveðnar eignir sem stefnandi taldi vera eignir þrotabúsins. Var kröfu stefnanda hafnað með úrskurði í málinu X-24/2016, uppkveðnum 8. nóvember 2016. Segir í forsendum úrskurðarins, sem staðfestur var í Hæstarétti að eins og málið liggir fyrir dóminum verði að telja ósannað að umræddir munir hafi verið á starfsstöð félagsins er húsnæðið var innsiglað eða að þeir væru þá í vörslum varnaraðila. Geti niðurstaða dómsins ekki byggst á getgátum um að umræddir munir séu á heimili varnaraðila. Þá hafi ekki verið leitt í ljós með nægilega skýrum hætti hvaða tæki og búnaður hafi verið í húsnæði félagsins er starfsemi þess lauk og húsnæðinu var lokað. Þótti framburður fyrrverandi starfsmanna sóknaraðila ekki varpa ljósi á þetta. Mat dómurinn það svo að stefnandi hafi ekki fært nægar sönnur fyrir kröfu sinn og því skilyrði 3. mgr. 82. gr. laga nr. 21/1991 ekki verið uppfyllt.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á skýrslum sem voru teknar fyrir héraðsdómi af stefnda, Stefáni Unnari Sigurjónssyni, fyrrverandi verktaka hjá Sitrusi ehf. Hermanni Karlssyni, fyrrverandi starfsmanni Sitrusar ehf., Freymari Þorbergssyni, fyrrverandi starfsmanni Sitrusar ehf. og Mána M. Sigfússyni fyrirverandi starfsmanni Sitrusar ehf., þann 3. nóvember 2016. Við könnun skiptastjóra á eignum búins hafi stefnandi orðið þess áskynja að stefndi keypti m.a. verðmætan tölvubúnað á árunum 2013 og 2014. Aðeins lítið brot af þeim eignum sem þrotabúið hafi keypt á þessum árum sé að finna á þeim reikningum sem hafi fylgt með kröfulýsingu Emerio ehf., dags. 6. nóvember 2015.

Við könnun skiptastjóra á bankareikningi þrotabúsins hjá Landsbankanum nr. 0101-26-051057 hafi ekki verið að sjá að fyrrgreindar eignir búins hafi verið seldar og að andvirði þeirra hafi runnið inn á reikning búins hjá Landsbankanum. Þó hafi síðar komið í ljós að tölvuna skv. tl. nr. 1 hér að neðan, (Z0MS008V iMac 27" 3.4GHz 3TB Fusion, hafði starfsmaðurinn Freymar Þorbergsson keypt af félaginu og greitt fyrir 210.000 krónur. Þá kveður stefnandi að eðlilegar skýringar hafi komið fram undir rekstri fyrra dómsmáls, X-24/2016, á ráðstöfun á neðantöldum eignum:

- 1) 1 Z0MS008V iMac 27" 3.4GHz 3TB Fusion – sérpöntun.
600.000 krónur.

Raðnúmer: SC02KG0EADNMP.

Tölvun hafi verið seld starfsmanni/verktaka og hann greitt fyrir hana að fullu.

- 2) 1 SE9285731 Playstation 3 500GB S SLIM M.
69.900 og
- 1 SE9287339 Playstation 3 12GB S SLIM M. M.
59.999.

Tveimur playstation tölvum hafi verið ráðstafað sem greiðslu verklauna tónlistarmanna sem hafi sungið 13. jólalög inn á disk fyrir félagið.

- 3) 1 NIT3DS HW BLUE Nintendo 3DS Blá
39.999

Einni playstation tölvu hafði verið ráðstafað til starfsmanns/verktaka.

- 4) 4 S2740L Dell S2740L (1920x1080) 27" Wide LED
skjár

Raðnúmer: 5RBYGT1, 5R91HT1,
(5R71HT1
og 5R4XGT1).
264.540/2

Tveimur af fjórum 27" Wide LED skjám, (Raðnúmer: 5RBYGT1, 5R91HT1) hafi eignkona stefnda skilað til skiptastjóra þann 6. september 2016 ásamt köplum, lyklaborði og svonefndri „tölvu“, sem í raun sé lítið Appel-breytibox og sem ekki hafi verið á þeim lista sem lagður hafi verið fyrir héraðsdóm.

Undir rekstri framangreinds máls fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur hafi skýrslutökur farið fram af stefnda og starfsmönnum/verktökum Sitrusar ehf. Kom m.a. fram í þeim skýrslum, að stefndi hafði stöðvað rekstur félagsins í lok febrúar 2015. Hafi starfsmannafundur verið haldinn í þáverandi starfsstöð félagsins að Seljavegi 2 í Reykjavík, á laugardegi í lok mánaðarins, sem muni hafa verið 28. febrúar 2015. Urðu þá starfsmenn/verktakar þess varir, er þeir hugðust mæta á fundinn, að búið var að skipta um læsingar þar svo að þeir komust ekki inn með lyklum sínum. Hleypti stefndi þeim inn, tilkynnti þeim að félagið væri hætt rekstri og gaf þeim síðan kost á taka með sér persónulega muni þegar þeir færu af vettvangi. Samkvæmt fyrirbyggjandi framburði var allur tækjabúnaður félagsins

óhreyfður í starfsstöðinni, þegar starfsmenn/verktakar yfirgáfu staðinn eftir fundinn.

Svör stefnda við skýrslugjöf fyrir dómi hafi verið mjög óljós um hvað orðið hefði af tækjabúnaðinum, en ljóst er hins vegar af fyrirliggjandi gögnum, að búnaðurinn var til staðar þegar starfsmannafundurinn var haldinn og skipt hafði verið um læsingar. Eftir það hafi stefndi einn haft aðgang að húsnaðinu og hann einn viti því hvað um búnaðinn varð. Beri hann því augljóslega ábyrgð á vörslu þeirra og hvarfi skv. almennum skaðabótareglum og skv. XV. kafla laga nr. 138/1994, einkum 108. gr. Sé m.a. á því byggt að hvarf meginhluta eigna þrotabúsins stafi af gáleysi stefnda eða ásetningi stefnda, eins og ljóst má telja af gögnum málsins. Nægir skv. 108 gr. að stefndi hafi sýnt af sér gáleysi við vörslur eignanna til að hann hafi bakað sér bótaskyldu. Hafi stefndi hins vegar ráðstafað eignunum í þeim tilgangi að koma þeim undan félaginu, hefur tjóninu verið valdið með ásetningi hans.

Þar sem félagið sé undir gjaldþrotaskiptameðferð verði ákvörðun um að hafa uppi skaðabótakröfuna ekki bundin við að hún hafi verið tekin á hluthafafundi skv. 1. mgr. 109 gr. laga um einkahlutafélög heldur af skiptastjóra búsins, sem skv. 122. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 fer með forræði búsins og er skylt að gæta hagsmuna búsins og innheimta kröfur þess. Hafi stefndi af ásetningi tileinkað sér eignir þrotabúsins til eigin nota eða selt þær í eigin reikning, varði slíkt eftir atvikum við 247. og 250. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940 og er hvort sem er grundvöllur bótaábyrgðar og refsíábyrgðar.

Í máli þessu sé sýnt fram á upphaflegt verðmæti eigna Sitrusar ehf. og það jafnframt að tölvubúnaður félagsins var sérlega vandaður og þess eðlis, að notkunar- og líftími búnaðarins sé mun lengri en almennt gerist um heimilistölvur og venjulegar skrifstofutölvur. Allur vafi um raunverðmæti eignanna við bótaskyldar athafnir stefnda er því á hans áhættu og ábyrgð.

Töluleg útlístaun stefnukröfu:

Sá tækjabúnaður þrotabúsins, sem fjárhæð bótakröfu byggist á, er eftirfarandi:

Magn verð	Vörunúmer	Vörulýsing	Samtals
1 26.328	CH3 3TB S 64 72.	3TB SATA3 Seagate Barracuda harður diskur (ST3000DM001).	
2 37.228	CHXS 2TB MIN L.	2TB LaCie 3.5" Minimus flakkari 32MB, USB 3.0.	
1 188.417	PRECISIONT1650#05.	Dell Precision T1650 vinnustöð. Raðnúmer: 78YMMW1.	
2 199.800	OPTIPLEX3010DT#04.	Dell OptiPlex 3010 borðtölva. Raðnúmer: 8VFXH5J og 7WFXH5J.	
2 70.546	P2312H.	Dell Professional (1920x1080) 23" LED skjár Raðnúmer: CN0YJ3JX7444529OABN og	

1	SEV-KS9893		CN0YJ3JX7444529OAHN. Kælikápur m.frystib.	
29.989				
1	PAN-TXP50UT50Y		Panasonic 3D 50" FHD plasma.	
168.000				
1	VCQ600-PB		PNY NVIDIA Quadro 600	
35.965				
1	V313WAIO		Dell V313W All-in-One prentari.	
16.315				
1	PIHTP-SB300		Raðnúmer: 5H8X6Q1. Soundbar fyrir LCD sjónvarp.	
77.500				
2	PRECISIONT1650#04		Dell Precision T1650 vinnustöð.	
443.597				
1	PET302#02		Raðnúmer: B8GZMW1 og C7GZMW1. Dell Power Edge T320 netþjónn	
507.468				
2	S2740L		Raðnúmer: 811MF5J. Dell S2740L (1920x1080) 27" Wide LED skjár.	
132.270				
1	ST32000444SS		Raðnúmer: 5R71HT1 og 5R4XGT1. 2TB NL SAS 6Gbp/s 7200rpm 3,5".	
44.426				
1	Z0MR		Raðnúmer: 9WM2P106. iMac 27" 2.9GHz i5 8GB	
1TB.		326.574		
1	PRECISIONT3600#07		Raðnúmer: SC02K54A4DNMN. Dell Precision T3600	
vinnustöð		305.993		
2	S2740L		Raðnúmer: 3DS76X1. Dell S2740L (1920x1080) 27" Wide LED skjár.	
119.980				
1	CVE GTX6700OC 2G G		Raðnúmer: F91YGT1 og F8N0HT1. Gigabyte GTX 6700OC PCI-E3.0 skjákort 2GB GDDR5.	79.900
1	WE-6531068		Genesis E330 gas grill –	
svart.		209.500		
1	OPTIPLEX3010DT#06		Dell OptiPlex 3010	
borðtölva.		109.990		
2			Raðnúmer: HVCC3Y1. Dreamware Render tölva.	
604.500				
1	CH3 3TB L TB		3TB LaCie 3.5" d2 Thunderbolt flakkari, USB3.0,	
54.430			Thunderbolt.	
5	CH3 3TB 128 72		3TB SATA3 Seagate Constellation ES.3 harður diskur.	261.750

Samtals nemi kaupverð þessara horfnu tækja og búnaðar 4.050.466 króna, sem sé stefnufjárhæðin. Auk þessa tækjabúnaðar hafi jafnframt horfið ýmislegur forgengilegri tækjabúnaður og smáhlutir, sem sjáist á kaupnótum, svo og verðmætur hugbúnaður Sitrusar ehf., en í málinu sé ekki gerð bótakrafa vegna þeirra eigna að svo stöddu.

Stefnandi styður kröfugerð sína við XV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, einkum 108. gr. Þá byggir stefnandi á almennu skaðabótareglunni. Einnig byggir stefnandi á því varðandi almennu skaðabótaregluna, að bótaskylda stefnda verði eftir atvikum studd við fjárráttarákvæði 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skilavikaákvæði 250. gr. sömu laga. Um heimildir skiptastjóra til málshöfðunar f. h. þrotabúsins vísast til XIX. kafla laga nr. 19/1991, einkum 122. gr. Vísað er til 130. gr. sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um málskostnaðarkröfu stefnanda og til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað, en stefnandi er ekki skattaðili skv. lögnum.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að hann hafi verið fyrirvarmaður stefnanda sem hafi selt auglýsingar og auglýsingagerð. Stefndi hafi ekki starfað hjá stefnanda og ekki verið með aðstöðu í starfsstöð stefnanda. Stefndi hafi ekki tekið ákvörðun um það hvaða tæki hafi verið keypt fyrir félagið heldur hafi starfsmenn stefnanda valið búnaðinn, pantað hann og sótt hjá viðkomandi birgi. Stefni bendir á að stefnandi hafi rekið afhendingarmál fyrir dómi vegna sömu muna og hafi þeirri kröfu verið hafnað og sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti Íslands í máli nr. 788/2016. Stefndi hafi ekki sýnt fram á að þeir munir og búnaður sem hann krefji stefnda um skaðabætur fyrir hafi verið í starfsstöð stefnanda þegar rekstri hafi verið hætt. Enn síður hafi stefnanda tekist að sanna að stefndi hafi nokkurn tímann verið með umrædda muni eða búnað í vörslum sínum. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að meint hvarf umræddra muna eigi rætur sínar að rekja til saknæmrar háttsemi stefnda. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni, hver beri ábyrgð á tjóninu og fjárhæð tjónsins. Sú sönnun hafi ekki tekist og því beri að sýkna stefnda. Þá mótmælir stefndi sérstaklega framkominni bótakröfu en stefnda hafi fyrst verið kynt framkomin bótakrafa þegar málið var höfðað.

Skýrslur fyrir dómi.

Teitur Guðmundsson kom fyrir dóminn og kvað Sitrus ehf. hafa snúist um auglýsingagerð, sölu á auglýsingum og markaðssetningu. Stefndi kvaðst vera læknir að mennt og reka Heilsuvernd. Hafi hann komið að stefnanda sem fjárfestir og lagt mikið fé til félagsins. Rekstur félagsins hafi gengið illa og því hafi verið óhjákvæmilegt að hætta rekstri. Kvað hann aðila hafa leitað til sín sem fjárfestis og hafi hann verið skráður framkvæmdastjóri með prókúru. Hann hafi ekki verið með starfsstöð þarna en átt samskipti við starfsmenn með tölvupósti og fundum. Kvaðst stefndi ekki hafa vit á tölvubúnaði og hafi starfsmenn því lagt til hvaða tölvubúnað þyrfti og fjárfestar þá lagt félaginu til fé. Starfsmenn hafi oftast sótt sjálfir þær vörur sem þeir hafi pantað en það hafi komið fyrir að stefndi hafi gert það líka. Aðspurður kvaðst Teitur kannast við þá hluti sem taldir séu upp í stefnu en hann viti ekki hvar þeir séu niðurkomnir núna. Kvaðst hann gera ráð fyrir því að þeir munir hafi verið í húsnæðinu þegar það fór í þrot en húsnæðinu hafi verið lokað og síðan óskað eftir því að þar yrði tekið til og það hafi verið gert. Kvað stefndi starfsmenn hafa tekið með sér persónulega muni eftir síðasta fund með þeim en hvað þeir hafi tekið viti stefndi ekki um. Kvaðst stefndi hafa skilað til skiptastjóra þeim munum sem hann hafi haft undir höndum en hann viti ekkert um afdrif annarra muna félagsins utan að einn starfsmaður hafi keypt eina tölvu sem komi fram í gögnum félagsins. Stefndi kvaðst hafa tekið að sér fjármálastjórn en

starfsmenn hafi einnig verið með kort á nafni félagsins og því getað keypt tölvubúnað sjálfir í nafni félagsins. Stefndi kvað rétt að hann hefði látið loka fyrirtækinu laugardaginn 28. febrúar 2015 og haldið þá fund með starfsmönnum félagsins. Kvaðst stefndi ekki getað svarað því hvort allir munir félagsins hafi verið til staðar þennan fundardag en stefndi vissi ekki hvaða munir hafi tilheyrt félaginu og hvað hafi tilheyrt starfsmönnum persónulega. Hann hafi ekki staðið yfir þeim þegar þeir tóku sína muni. Kvað hann Gest Grétarsson, hjá Kvíaholti ehf., hafa séð um að taka til og loka fyrirtækinu og hafi stefndi fengið nokkra muni afhenta frá honum sem eiginkona stefnda hafi síðan farið með til skiptastjóra. Meira viti hann ekki um afdrif þeirra muna sem krafði sé um.

Stefán Unnar Sigurjónsson, kt. 000000-0000, gaf símaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst hafa verið stofnandi og starfað sem verktaki hjá stefnanda fram til apríl 2014. Hafi stefndi séð um fjármál fyrirtækisins. Kvað hann rétt að í fyrirtækinu hafi verið öflugur tölvubúnaður til að nota við grafiska vinnslu. Kvaðst vitnið hafa fengið eina tölvu og greitt fyrir hana. Þá hafi hann fengið Playstationtölvu sem laun. Þá hafi stefndi haft samband við vitnið til að aðstoða stefnda við að koma tölvum í verð en úr því hafi ekki orðið. Vitnið kvað vörukaup hafa farið þannig fram að starfsmenn hafi keypt þá muni sem þurfti en öll stærri viðskipti hafi oftast verið gerð í samráði við vitnið eða Teit. Teitur hafi hins vegar oft haft minna um það að segja hvort og hvaða tölvur væru keyptar þar sem Teitur hafði litla þekkingu á þeim búnaði sem notaður var í fyrirtækinu svo og á þeirri vinnu sem þar fór fram. Teitur hafi komið á stjórnarfundum ásamt vitninu, Freymari og Hermanni en þeir hafi allir litið á sig sem jafna varðandi stjórnarsetu fyrirtækisins.

Vitnið Sölvi Sigurðsson, 000000-0000, kom fyrir dóminum og kvaðst hafa starfað hjá stefnanda þar til starfsemi var hætt. Það hafi verið í kringum páskana. Vitnið starfaði sem hönnuður og stefndi hafi séð um fjármál fyrirtækisins. Mundi vitnið að það hafði verið boðað á fund hjá stefnanda þar sem ákvörðun var tekin um að fyrirtækið væri hætt störfum. Þegar vitnið kom á staðinn hafi verið búið að skipta um skrá. Vitnið hafi tekið tölvuna sína með sér en fyrirtækið hafi leigt tölvuna af vitninu á meðan vitnið starfaði þar. Vitnið taldi að allir munir hafi verið á starfsstöðinni á þeim fundi. Vitnið var innt eftir því hvort þeir munir sem taldir eru upp í stefnu hafi verið á staðnum þegar það kom að sækja sína muni og mundi vitnið eftir einstökum munum en ekki öðrum. Vitnið vissi til þess að Freymar hefði keypt eina tölvuna. Vitnið kvað erfitt að segja til um það hvaða harðir diskar hafi verið þarna á staðnum. Kvað vitnið svona öflugar tölvur vera dýrar en vitnið kvaðst ekki myndu kaupa fjögurra ára gamla skjái. Kvað vitnið tölvubúnað úreldest fljótt.

Vitnið Freymar kom fyrir dóminn og kvaðst hafa starfað hjá stefnanda sem faglegur stjórnandi fram að lokun fyrirtækisins. Teitur hafi séð um fjármál fyrirtækisins. Vitnið mundi eftir fundi í febrúar 2014 og hafi hurðin verið opin þegar vitnið kom á fundinn. Á fundinum hafi verið ákveðið að vitnið og fleiri gengju út úr fyrirtækinu og hættu störfum fyrir það. Vitnið kvað tvö stykki af iMac tölvum hafa verið á staðnum ásamt tveimur öflugum vinnslustöðvum, tveimur til þremur minni tölvum, einhverjum skjám, lítilli iMac tölvu og einhverjum aukahlutum. Vitnið kvað gasgrill aldrei hafa verið í fyrirtækinu. Teitur hafi ekki verið með starfsstöð í fyrirtækinu en komið á fundi á tveggja vikna fresti. Í upphafi hafi stefndi og Stefán keypt tölvur fyrir fyrirtækið, vitnið hafi keypt sína vinnustöð og Stefán verið með innkaupakort en eftir að hann hætti hafi Teitur séð um að greiða fyrir tölvukaup.

Hermann Karlsson, kt. 11274-5549, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa starfað sem hönnuður fyrir Citrus ehf. fram að lokum fyrirtækisins. Hafi stefndi séð um fjármál fyrirtækisins. Vitnið kvaðst ekki hafa komist inn í húsnæðið þegar það var boðað á fund í febrúar en á þeim fundi hafi stefndi tilkynnt starfsfólkinu að reksturinn væri að hætta. Vitnið kvaðst muna eftir tveimur iMac tölvum, PCvinnslutölvu, einhverjum lélegri tölvum og einhverjum „server“ sem þeir hafi unnið á. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð gasgrill á staðnum. Vitnið minnti að í upphafi hafi stefndi og Stefán keypt vörur inn í húsnæðið, húsgögn o.fl. Þá hélt vitnið að stefndi hafi almennt séð um greiðslur vegna innkaupa en Stefán hafi verið með greiðslukort og séð um greiðslur. Vitnið taldi að stefndi hafi komið í fyrirtækið á tveggja vikna fresti.

Vitnið Máni Matthías Sigfússon, kt.000000-0000, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa starfað sem hreyfihönnuður hjá Citrus ehf. þar til starfseminni var hætt. Stefndi hafi séð um fjármál fyrirtækisins. Kvað vitnið rétt að það hafi verið boðað á fund hjá Citrusi þar sem rætt var um að hætta rekstri fyrirtækisins. Teitur hafi þá upplýst þá um að búið væri eða það ætti eftir að skipta um skrá á hurðinni. Vitnið hafi tekið allt það sem það átti hjá fyrirtækinu á þessum fundi. Kvað vitnið að allur búnaður sem hafi verið hjá fyrirtækinu hafi verið ætlaður til grafískrar vinnu. Aðspurt minnti vitnið að allir munir væru á starfsstöðinni þegar það mætti á fundinn á laugardeginum. Kvað vitnið ekkert grill hafa verið á staðnum.

Forsendur og niðurstaða.

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness þann 21. október 2015. Í máli þessu krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 4.050.466 krónur auk dráttarvaxta frá 1. mars 2015 og byggir fjárhæðina á reikningum vegna kaupa umræddra muna frá árinu 2013. Engin önnur gögn styðja fjárkröfu stefnanda. Þá kom fram í skýrslutökum

vitna að þeir töldu að sá tölvubúnaður sem þeir höfðu unnið á og var á starfsstöð þeirra hafi verið þar á síðasta fundinum sem þeir fóru á í febrúar 2015. Gátu þeir ekki staðfest hvort það voru sömu munir og taldir eru upp í stefnu utan að þeir kváðu allir að gasgrill hefði aldrei verið þar. Þá er reikningur vegna kröfu að fjárhæð 26.328 krónur og 37. 228 krónur stílaður á Kvíaholt ehf. Engin skýring hefur komið fram hjá stefnanda á því hvernig sá reikningur tengist stefnanda.

Stefnandi vísar kröfu sinni til stuðnings til 108. gr. laga nr. 13/1994 um einkahlutafélög. Í 108. gr. er ákvæði sem segir að stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar, endurskoðendur og skoðunarmenn einkahlutafélags, svo og rannsóknarmenn, séu skyldir að bæta félaginu það tjón er þeir hafi valdið því í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Eins og máli þessu er háttað verður ekki ráðið að stefndi hafi valdið félaginu tjóni í störfum sínum enda er ekki byggt á því að hann hafi verið að störfum fyrir félagið þegar meint tjón átti að eiga sér stað. Verður stefndi sýknaður af þeirri ástæðu.

Þá byggir stefnandi á almennu skaðabótareglunni. Kveður hann tjón stefnanda vera sannað með þeim reikningum sem byggt er á. Til að geta beitt þeirri reglu fyrir sig verður tjónþoli að sýna fram á hvert raunverulegt tjón hans er. Í máli þessu byggir stefnandi á innkaupsverði sérstæks tölvubúnaðar frá fyrrihluta ársins 2013 en skaðabótakrafan, sem byggist á sömu reikningum, er gerð með stefnu birtri 14. febrúar 2017 eða um fjórum árum eftir að umræddur búnaður var keyptur. Alvita er að tölvubúnaður og sjónvarpsskjáir rýrna í verði við notkun þeirra og úreldast á ákveðnum árafjölda. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, miðað við þessa augljósu staðreynd, hvert hið raunverulegt tjón stefnanda er. Hefur stefnandi því ekki sýnt fram á að skilyrði sakareglunnar sé uppfyllt þar sem tjón hans er ekki sannað. Ekki er tekið undir þá málsástæðu stefnanda að það sé stefnda að sýna fram á að verðmæti munanna sé minna en krafið er um í stefnu. Verður stefndi því sýknaður af þessari málsástæðu stefnanda.

Að lokum byggir stefnandi á 247. og 250. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ekki í einkamáli byggt á ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er varða fjárdrátt og skilasvik. Á tilvísun til þessara lagaákvæða ekki heima í einkamáli.

Að öllu ofangreindu virtu ber að sýkna stefnda í máli þessu.

Stefnandi skal, með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 greiða stefnda 400.000 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi er sýkn í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir.